

FRÉTTABRÉF

ÁVARP FORMANNS

Ágæti góðvinur!

Við í stjórninni viljum byrja á því að þakka fyrir ykkar stuðning sem gerir starf okkar mögulegt. Góðvinir eru félagskapur brautskráðra nemenda við Háskólann á Akureyri og annarra velunnara sem sameinast stoltir í að styðja við bakið á háskólanum okkar.



Við í stjórninni höfum nýtt veturinn til þess að finna leiðir til að efla starfsemi félagsins og sýnileika þess innan og utan veggja háskólans. Allir nemendur sem brautskrást frá Háskólanum á Akureyri gerast sjálfkrafa meðlimir en stuttu eftir brautskráningu fá þeir greiðsluseðla senda í heimabanka og með greiðslu gerast þeir fullgildir meðlimir. Á aðalfundi Góðvina var ákveðið að senda einnig greiðsluseðil á afmælisárganga skólans til að freista þess að fjölga meðlimum félagsins. Í ár var stigið skref í áttina að því þar sem ákveðið var að senda orðsendingu til allra brautskráðra afmælisárganga háskólans og minna á félagið og hvernig hægt sé að gerast meðlimur. Þetta er gert í þeirri von að auka félagafjöldann og sýnileika félagsins.

Góðvinir eru góður vettvangur fyrir fyrri nemendur skólans og aðra velunnara til að leggja hönd á plóg og styðja við uppbyggingu háskólans. Á brautskráningu höfum við árlega heiðrað afburða nemendur sem og staðið að kaffisamsæti að henni lokinni. Við höfum einnig hjálpað til við skipulagningu ráðstefna og gefið ýmsar gjafir sem við vonum að hafi nýst háskólanum vel.

Við megum vera stolt af háskólanum okkar og þeirri uppbyggingu sem þar á sér stað og ekki síður því góða námi sem er boðið upp á. Hvergi má slá slöku við og mikilvægt að háskólinn haldi áfram að bjóða upp á krefjandi og gott nám því við, brautskráðir nemendur, erum vitnisburður um gæði námsins. Ég vil nýta tækifærið og þakka stjórn félagsins og starfsmanni þess fyrir vel unnin störf á árinu og vona að við getum eftir félagið enn frekar svo við getum haldið áfram að styðja háskólann eftir fremsta megni.

Eva Björk Heiðarsdóttir
formaður Góðvina HA

FRÉTTIR AF GÓÐVINUM

Starfsemi Góðvina var með hefðbundnu sniði þetta árið, stjórnin hittist nokkrum sinnum en þar sem gefin var stór gjöf í fyrra, nýjar brautskráningarskikkjur, var ákveðið að einbeita sér að því síðastliðinn vetur að leita leiða til að

efla félagið og fjölga meðlimum þess. Ákvarðanir þar að lútandi voru svo teknar á aðalfundi.

Að lokinni brautskráningu 15. júní 2013 efndu háskólinn og Góðvinir sameiginlega til móttöku og endurfunda og var þetta í þriðja sinn sem það var gert. Þá bjóða Góðvinir afmælisárgöngum að koma og heimsækja gamla skólann sinn og skapa þar með vettvang fyrir gamla skólafélaga að hittast. Móttakan heppnaðist vel og mættu fjölmargir eldri nemendur í veisluna auk þess sem nýbrautskráðir kandidatar fjölmenntu ásamt fjölskyldum sínum.

Frá aðalfundi

Aðalfundur Góðvina var haldinn 1. júlí 2013. Formaður kynnti skýrslu stjórnar og gjaldkeri fór fyrir reikninga, hvoru tveggja má nálgast á heimasíðu Góðvina, www.godvinir.is

Ákveðið var að senda þetta fréttabréf á alla afmælisárganga sem og þá sem brautskráðst hafa síðustu fjögur ár. Sömu hópar munu fá sendan greiðsluseðil inn á heimabankann hjá sér og geta gerst meðlimir í félaginu ef þeir vilja. Seðillinn dettur svo sjálfkrafa út ef fólk hefur ekki áhuga á að vera þátttakendur í félaginu.

Í stjórn Góðvina voru kjörin þau: Eva Björk Heiðarsdóttir formaður, Njáll Trausti Friðbertsson, Eyrún Elva Marinós-dóttir, Agnes Eyfjörð fulltrúi HA og Hafdís Erna Ásbjarnardóttir fulltrúi FSHA.

Samþykkt var á aðalfundinum að leggja niður fulltrúaráð Góðvina sem aldrei hefur verið starfrækt og því eingöngu til að nafninu til.

Mappan

Góðvinir hafa ákveðið að fara í samstarf við Póstinn um dreifingu fréttabréfs Góðvina. Mikill kostnaður fylgir því að senda út fréttabréf af þessu tagi. Því munum við framvegis dreifa fréttabréfin rafrænt með hjálp nýrrar leiðar sem kallast Mappan.

Mappan er ný dreifingarleið sem gerir fyrirtækjum og stofnunum kleift að senda viðskiptavinum sínum á hagkvæman og umhverfisvænan hátt allar tegundir skjala rafrænt. Mappan er einföld, ókeypis og örugg leið fyrir einstaklinga að taka á móti og halda utan um öll rafræn skjöl á einum stað. Notendavænt viðmót, auðvelt skipulag og örugg gagnageymsla gera Möppuna að frábæru tæki til að einfalda lífið.

1. Farðu á slóðina mappan.is og veldu „stofna aðgang“.
2. Sláðu inn kennitöluna þína. Lykilorð verður sent í heimabankann þinn.
3. Skráðu þig inn með kennitölu og lykilorði.
4. Lestu fréttabréfið okkar í rölegheitum.

„ÞETTA HELST“ HJÁ HA VETURINN 2012/2013



unga sem aldna.

Afmælihátíð


Það var margt um manninn á háskólasvæðinu sunnudaginn 2. september þegar Háskólinn á Akureyri fagnaði 25 ára afmæli sínu með glæsilegri afmælishátíð. Forseti Íslands, menntamálaráðherra og rektor HA fluttu ávörp og þá var boðið upp á margvíslega skemmtun fyrir



að bragða á framandi mat

Árlegur alþjóðadagur

Alþjóðadagur HA var haldinn fimmtudaginn 25. október 2012 og þótti heppnast vel. Skiptinemar við háskólann kynntu menningu og aðstæður í heimalöndum sínum með margvíslegum hætti í Miðborg. Fjölmargir gestir nýttu sér tækifærið og röltu milli kynningarbása og fengu og skoða það sem fyrir augu bar.



Bragi Guðmundsson prófessor, bókinn fæst í bókabúðum.

Afmælisrit HA

Í desember 2012 kom út bókinn Háskólinn á Akureyri 1987-2012 : afmælisrit en í ritinu er aðdragandi að stofnun skólans rakinn í máli og myndum. Í bókinni má lesa þroska-sögu ungrar stofnunar og hvernig hún komst á legg með samstilltu átaki ráðamanna og starfsfólks. Ritstjóri er



sem fyrsti fræðimaðurinn sem gegnir Nansen prófessorsstöðu í norðurslóðafræðum við háskólann.

Norðurslóðanet og Nansen

Þann 7. febrúar var Norðurslóðanet Íslands stofnað formlega með undirritun samnings milli utanríkisráðuneytisins og Norðurslóðanetsins í rannsóknarhúsi Háskólans á Akureyri, Borgum. Við sama tilefni var Dr. Natalia Loukacheva boðin velkomin til starfa við Háskólann á Akureyri



Halldór Jóhannsson framkvæmdastjóri KEA afhenti styrki úr KEA-háskólasjóði með aðstoð Stefáns B. Sigurðssonar rektors og Eiríks Björns Björgvinssonar bæjarstjóra.

Háskólahátíð

Að lokinni brautskráningu í Íþróttahöllinni þann 15. júní 2013 buðu Háskólinn á Akureyri og Góðvinir HA til móttöku í hátíðarsal háskólans á Sólborg. Þar gæddu gestir sér á kökum og kaffi. Dagný Þóra Baldursdóttir flutti erindi fyrir hönd 10 ára afmælisárgangs iðjubjálfa og



HEIÐURSVERÐLAUN GÓÐVINA

Hefð hefur myndast fyrir því að Góðvinir heiðri nemendur fyrir gott starf í þágu háskólans við brautskráningu. Stjórn Góðvina heiðraði eftirtalda nemendur við brautskráningu 15. júní 2013 fyrir óeigingjarnt starf í þágu háskólans á þeim tíma sem þeir voru við nám:

Heilbrigðisvísindasvið: Dagný Linda Kristjánsdóttir

Hug- og félagsvísindasvið: Justyna Wróblewska

Viðskipta- og raunvísindasvið: Hafrún Dögg Hilmarsdóttir

HEIMASÍÐA GÓÐVINA

Heimasíða Góðvina er hluti af heimasíðu Háskólans á Akureyri. Slóðin er www.godvinir.is. Þar er mögulegt að ganga til liðs við samtökin, skoða fréttir af starfsemi samtakanna og myndir frá atburðum. Brautskráðir nemendur sem ekki eru félagar í Góðvinum eru hvattir til að skrá sig og styðja þannig við bakið á gamla háskólanum sínum. Þið finnið Góðvini einnig á Facebook!

GREIÐSLUSEÐLAR

Greiðsluseðlar fyrir félagsgjaldi í Góðvini verða sendir út í ágúst 2013. Upphæðin var ákveðin á aðalfundi og var ákveðið að hún yrði 2000 kr. Sent verður út á stóran hóp að þessu sinni; afmælisárganga, þá sem hafa brautskráðst síðustu fjögur ár og starfsfólk HA. Um er að ræða kröfu sem birtist í heimabanka hjá fólki og fellur sjálfkrafa niður um áramót. Þeir sem kjósa að greiða ekki félagsgjaldið hafa þar með sagt sig úr félaginu. Fyrir nánari upplýsingar má hafa samband á netfangið dagmar@unak.is.

BAKHJARLAR GÓÐVINA

